



Mikil hækkun á hrávöruverði mun skila sér í aukinni verðbólgu í heiminum

Heimsmarkaðsverð á hrávöru hefur hækkað mikið á undanförunum fjórðungum eftir að hafa lækkað lítillega þegar faraldurinn braust út í heiminum.

Hrávöruverð hefur ekki verið jafn hátt síðan í september 2011 eða í tæp 10 ár.

Verði þessi hækkun varanleg er ljóst að það mun hafa mikil áhrif á verðbólgu í heiminum.


Eftir að hafa lækkað lítillega þegar faraldurinn braust út hefur hrávöruverð hækkað stanslaust milli mánaða síðan í apríl á síðasta ári. Verð á hrávöru er nú 37% hærra en það var þegar það var hæst síðustu mánuðina áður en faraldurinn braust út. Síðast þegar verðið hækkaði í einhverri líkingu við þetta var árið 2011. Eftir mikla hækkun síðustu árin fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna lækkaði verðið töluvert árið 2009 en tók síðan að hækka á ný og varð 12 mánaða hækkunin mest í febrúar 2011 þegar hún fór í tæp 38%.

Miklar örvunaraðgerðir hafa átt sinn þátt í hækkun hrávára


Líkt og þá má rekja núverandi hækkun að nokkru leyti til umfangsmikilla örvunaraðgerða á sviði peninga- og ríkisfjármála. Hækkunina núna má þó einnig rekja til hnökra í flutningi og framleiðslu vegna faraldursins sem hefur haft áhrif á virðisbætur í hagkerfum heimsins. Einnig hefur mikil verðhækkun á gámaflutningum haft sitt að segja.

Verðbólga varð töluverð síðast þegar hrávöruverðið hækkaði mikið

Verðhækkunin 2011 átti stóran þátt í þeirri verðbólgu sem þá varð í helstu viðskiptalöndum Íslands. Þannig sló verðbólgan í upp í 3,8% í Bandaríkjunum árið 2011, 5,1% í Bretlandi og á bilinu 2,6-3,8% á evrusvæðinu, Danmörku og Finnlandi. Verðhækkunin 2011 breyttist síðan í verðlækkun strax árið eftir. Þannig mældist allt að 13% verðlækkun á hrávöruverði á árinu 2012. Sú þróun átti sinn þátt í því að verðbólga í helstu viðskiptalöndum gat leitað niður á við á nýjan leik.



Breyting á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Seðlabanki Íslands



Einfallt meðaltal verðbólgu á Norðurlöndum, evrusvæðinu, Bandaríkjunum og Bretlandi. *Breyting milli fyrstu 5 mánaða 2020 og sama tímabils 2021.
Heimild: Macrobond, Seðlabanki Íslands




Verðlagsáhrif hækkandi hrávöruverðs hafa fyrst og fremst komið fram í hækkandi bensínverði

Hingað til hefur íslenskur almenningur ekki orðið neitt sérlega var við áhrif hækkandi hrávöruverðs á innlent verðlag nema í gegnum verðhækkun á bensíni og dísilolíu. 12 mánaða hækkun á dæluverði eldsneytis nam 12,7% í júní. Á sama tímabili hækkaði heimsmarkaðsverð á hráolíu hins vegar um 80%. Ástæðan fyrir þessum mun liggur í því hvernig opinber gjöld leggjast á verð á bensíni hér á landi en þau felast m.a. í fastri krónutölu. Opinber gjöld dempa því mjög áhrif breytinga á heimsmarkaðsverði eldsneytis á dæluverð hér á landi. Til samanburðar hefur verð á eldsneyti í Bandaríkjunum hækkað um 51% á sama tíma en þar eru skattar á gjöld og eldsneyti mun minni en hér á landi.

Ef hrávöruverð lækkar ekki á ný mun það kynda undir frekari verðbólgu í heiminum

Verðhækkunin núna hefur þegar haft sín áhrif á verðbólgu í viðskiptalöndunum. Þannig mældist verðbólga 4,9% í Bandaríkjunum í maí, 2% á evrusvæðinu, 2,7% í Noregi og 2,1% í Bretlandi. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum hefur á síðustu mánuðum verið umtalsvert meiri en verið hefur á síðustu árum. Þetta var t.a.m. hæsta verðbólguþæling í Bandaríkjunum síðan í september 2008 eða í tæplega 13 ár. Í tilfellum hinna landanna þarf að fara nokkur ár aftur í tímann til að finna viðlíka verðbólgu. Töluvert mikil óvissa ríkir um að hversu miklu leyti núverandi verðbólga mun skila sér áfram í frekari verðbólgu fram á við eða hvort að þessi verðbólguþæling verði skammlífur og verðbólgan muni aftur leita niður á við. Bandaríski Seðlabankinn telur þennan kúf verða skammlífan og hyggst ekki hækka aftur vexti fyrr en á þarnaesta ári. Það sem kom í veg fyrir að verðbólga færi á flug árið 2011 var að hrávöruverðið lækkaði aftur á ný. Ef það gerist einnig nú mun það styðja við hjöðnun verðbólgunnar. Lækki það hins vegar ekki og hækki jafnvel frekar er líklegt að verðbólga geti orðið að töluverðu vandamáli hér á landi sem og í okkar helstu viðskiptalöndum.



*Breyting frá fyrstu 6 mánuðum 2020 og sama tímabili 2021
Heimild: Macrobond, Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.